

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.11.2017
Málalýkill	044
Mál nr.	1711298

Bæjarstjórn Garðabæjar
v.t. Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari
Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabæ, 28. nóvember 2017

**Efni: Ársreikningur Styrktarsjóðs Garðasóknar árið 2016.
Beiðni um árlegt framlag bæjarsjóðs Garðabæjar til sjóðsins.**

Meðfylgjandi er áritað eintak af ársreikningi Styrktarsjóðs Garðasóknar fyrir rekstrarárið 2016 sem samþykktur var á aðalsafnaðarfundum Garðasóknar þriðjudaginn 5. maí 2017.

Heildarframlög bakhjarla sjóðsins námu 3.010.000 kr. á árinu og framlög einstaklinga 10.000 kr. Sjóðsstjórn ráðstafaði 2.849.623 kr. til styrkumsækjenda eða ríflega 91% af framlögum. Fjármagnstekjur lækkuðu verulega milli ára vegna lakari ávöxtunar safna en árið á undan.


Svipaður fjöldi styrkveitinga var eins og árið 2016 en sem fyrr er um helmingur sem kom til afgreiðslu við úthlutun fyrir jól (jólástyrkir), en fjöldi jólastyrkja var svipaður milli ára. Sem fyrr var töluvert um beiðnir um skyndiaðstoð sem eru lægri fjárhæðir á bilinu 10-20 þús. kr.

Aðalsafnaðarfundur samþykkti óbreytt framlag til Styrktarsjóðsins 1.300.000 kr. fyrir árið 2017. Garðabær leggur sjóðnum til sömu fjárhæð skv. samþykktum sjóðsins eða 1.300.000 kr.

Miðað við rekstrarárið 2016 er fát sem bendir til þess að umsóknnum muni fækka á þessu ári. Það sem af er ári, hefur sjóðurinn úthlutað um 1.800.000 kr.

Þess er óskað að framlag verði greitt við fyrsta hentugleika inn á bankareikning sjóðsins hjá Arion Banka í Garðabæ, reikn. nr. 0318-26-6501, kt. 650195-2139. Undirritaður veitir fúslega frekari upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Styrktarsjóðs Garðasóknar


Einar Farestveit, gjaldkeri